

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum 2015

Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) sem stunda rannsóknir á táknmáli. Auk starfsmanna þessara stofnanna eiga nokkrir utanaðkomandi aðilar aðild að rannsóknarstofunni. Starfsmenn HÍ og SHH hafa aðstöðu á sínum vinnustað en stofan hefur að öðru leyti ekki yfir sérstöku húsnæði að ráða. Stjórn stofunnar er skipuð til eins árs í senn og á síðasta ársfundi voru Júlía G. Hreinsdóttir, Rannveig Sverrisdóttir og Valgerður Stefánsdóttir endurkjörnar til ársins 2016.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Rannsóknastofu í táknmálsfræðum

Engin nýjir rannsóknarstyrkir fengust á árinu 2015. Hins vegar var unnið að rannsóknnum á ýmsum sviðum og vinnu við fjölmörg verkefni haldið áfram:

- Á árinu lauk fjögurra ára verkefni styrkt af COST sem bar heitið *Að varpa ljósi á málfræði evrópskra táknmála: leiðir að fullri þátttöku heyrnarlausra í samfélaginu og varðveisla á málarfleifð þeirra* og hafði það markmið að skrifa leiðarvísi að mállýsingum evrópskra táknmála. Jóhannes Gísli Jónsson, Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir tóku þátt í lokarárðstefnu verkefnisins í Barcelona í maí.
- Nokkrir aðilar héldu áfram rannsóknnum á tengisögn í ÍTM (BIDD) og kynntu á tveimur ráðstefnum erlendis og í málstofu á vegum SHH.
- CEFR verkefnið sem Júlía Hreinsdóttir vinnur að. Verkefnið snýst um að aðlaga námsefni og kennslu í ÍTM að evrópskum tungumálaramma.
- Á SHH var haldið áfram vinnu við málþroskarannsóknir, þar á meðal þróun matstækja og fól það m.a. í sér gagnasöfnun, greiningu og endurmat.

Aðilar rannsóknastofunnar héldu nokkra fyrirlestra á árinu og tóku þátt í málþingum og ráðstefnum hér heima og erlendis:

- Af erindum og þátttöku í fjölþjóðlegum ráðstefnum má nefna fyrirlestur Jóhannesar, Kristínar Lenu og Rannveigar um BIDD á FEAST ráðstefnunni í Pompeu Fabra háskólanum Barcelona í maí og um sama efni á ráðstefnunni Copulas across Languages í Háskólanum í Greenwich í júní.
- Af innlendum vettvangi má nefna fyrirlestra um BIDD í málstofu á SHH og í málvísindakaffi Íslenska málfræðifélagsins og málstofu á Hugvísindapíngi 2015. Þar voru fluttir alls sjö fyrirlestrar um táknmál og menningu heyrnarlausra. Dagskráin var eftirfarandi:

Rannveig Sverrisdóttir, lektor í táknmálsfræði: „*Frá VHS til Wiki.*“ *Hagnýting rannsókna á íslenska táknmálinu*

Kristín Lena Þorvaldsdóttir, málfræðingur á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra: *Hvað eru hljóð, orð og beygingar í íslensku táknmáli?*

Jóhannes Gísli Jónsson, lektor í íslenskri málfræði og **Elísa G. Brynjólfssdóttir**, táknmálsfræðingur: *Setningafræði íslensks táknmáls*

Þórhalla Guðmundsdóttir Beck, sjálfstætt starfandi málfræðingur: *Merkingarfræði íslensks táknmáls*

Nedelina Ivanova, málfræðingur á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra: „*Ertu búinn að hreinsa tennurnar í fiskinum?*“ *Um leiðangur rannsakanda við gerð stöðumats á færni í ÍTM*
Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og doktorsnemi í málvísindalegri mannfræði: *Málvísindaleg mannfræði*
Stefan Hardonk nýdoktor: *Heyrnarleysi og auðkenni: kenningar frá póststrúkturalisma*

Heimsóknir fræðimanna

Engar heimsóknir fræðimanna voru þetta árið

Kynningarstarfsemi og útgáfa

Nokkrar greinar eftir aðila rannsóknastofunnar komu út á þessu ári, *Að tengja saman epli og appelsínur. Aðaltengingar í íslenska táknmálinu* eftir Elísu G. Brynjólfsdóttur og Kristínu Lenu Þorvaldsdóttur birtist í 36. árgangi tímaritsins Íslenskt mál og almenn málfræði, bókarkafllinn *Icelandic Sign Language* eftir Kristínu Lenu og Valgerði Stefánsdóttir birtist í *Sign Languages of the World: A Comparative Handbook* og greinin *Variation in wh-questions in Icelandic Sign Language* eftir Jóhannes G. Jónsson, Elísu G. Brynjólfsdóttur og Rannveigu Sverrisdóttur birtist í ráðstefnuritinu *Language Variation - European Perspectives V*.